


RALV1RT03	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 01		
Dags.: 19.02.2020	RALV1RT03 Verkefni 5.	
Höfundur: BGH/MAG		
Samþykkt: ÓSI		
Síða 1 af 2		

Teikniverkefni 1, Bílskúr og þvottahús.

Í þessu verkefni eigið þið að hanna raflögn í bílskúr og þvottahús. Þið eigið að staðsetja rofa, tengla og ljós. Einnig eigið þið að teikna einlínnumynd af lögnum og merkja fjölda víra í hverju röri.

Eftirtalin skilyrði eiga að vera fyrir hendi:

Greinar:

- Gr. 1. Ljós bílskúr
- Gr. 2. Tenglar við vinnuborð
- Gr. 3. Ljós og tenglar þvottahúsi
- Gr. 4. Þvottavél
- Gr. 5. Þurrkari
- Gr. 6. Útiljós

Bílskúr:

Það eiga að vera fimm ljós í bílskúr, fjögur lýsa salinn og eitt er yfir vinnuborði. Bílskúrshurðaoptari má vera á grein með ljósunum.

Það eiga að vera útiljós sitt hvoru megin við bílskúrshurðina, kveikt innan við útidyr úr bílskúr.

Það þarf tengil fyrir bílskúrshurðaoptara.

Það eiga að vera tveir tvöfaldir tenglar við vinnuborð.

Það á að vera tengill við hliðina á rofanum við hurðina inn í íbúð.

Það á að vera tvöfaldur tengill á miðjum langveggnum, c.a. á móti hurð í íbúð.

Það á að vera hægt að kveikja ljós við allar hurðar.

Það þarf að vera löggn frá bílskúrshurðaoptara að hurð inn í íbúð til að hægt sé að opna þar.

Þvottahús:

Það eiga að vera tvö ljós í þvottahúsi.

Það eru sér tenglar fyrir þvottavél og þurrkara.

Það á að vera hægt að kveikja ljós við báðar hurðar.

Þá á að vera útiljós utan við dyrnar sem hægt er að kveikja innan við dyr.

Það eiga að vera tveir tenglar við vinnuborð


Finnið svo á netinu hvað þvottavél og þurrkari eru að taka mikið afl og straum.

Þvottavél: $P = \underline{\hspace{2cm}} \text{ W}$ $I = \underline{\hspace{2cm}} \text{ Amp.}$

Þurrkari : $P = \underline{\hspace{2cm}} \text{ W}$ $I = \underline{\hspace{2cm}} \text{ Amp.}$

Þið megið ráða því hvort þið teiknið á blað eða í tölvu en í báðum tilvikum verður teikningin að vera vönduð, beinar línur, falleg tákni og frágangur allur til fyrirmyndar. Gott er að byrja á því að gera uppkast að teikningunni og fín teikna svo á eftir.

Þegar þið hafið lokið verkefninu skilið þið því í skilahólf og einnig fer það í ferilmöppuna ykkar.

RALV1RT03	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 01		
Dags.: 19.02.2020		
Höfundur: BGH/MAG		
Sampykkt: ÓSI		
Síða 2 af 2	RALV1RT03	Verkefni 5.

